


HAMPIÐJAN 2022

ÁRSSKÝRSLA



HAMPIÐJAN 2022



HLUTHAFAR

*Viðskipti eru með blutabréf Hampiðjunnar
á samnorræna blutabréfamarkaðnum Nasdaq First North.*

STJÓRN

*Stjórn Hampiðjunnar kjörin
á aðalfundi 25.mars. 2022:*



*Auður Kristín
Árnadóttir*

*Kristján
Lofsson*

*Vilhjálmur
Vilhjálmsson,
formaður*

*Guðmundur
Ásgeirsson*

*Sigrún
Þorleifsdóttir*

STJÓRNENDUR



*Hjörtur Erlendsson
Forstjóri*



*Emil Viðar Eypórsson
Fjármálastjóri*



*Georg Haney
Umbverfisstjóri*



*Jónas Þór Friðriksson
Veidarfæraefni
Sölu- og markaðsstjóri*



*Jón Oddur Davíðsson
Framkvæmdastjóri
Hampiðjan Ísland*



*Árni Skúlason
Framleiðslustjóri
Hampiðjan Ísland*



*Davíð Waage
Framkvæmdastjóri
Hampiðjan Offsbore*



ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2022

EFNISYFIRLIT

5	Starfsemin
19	Ársreikningur 2022:
20	Skýrsla stjórnar og forstjóra
22	Áritun endurskoðenda
25	Rekstrarreikningur
25	Yfirlit um heildarafkomu
26	Efnahagsreikningur
27	Yfirlit yfir breytingar á eigin fé
28	Sjóðstreymi
31	Skýringar

SKIPURIT SAMSTÆÐU HAMPIÐJUNNAR 31.12.2022

Félagsstjórn Hampiðjunnar hf.		
Forstjóri Hjörtur Erlendsson		
MÓÐURFÉLAG		
Fjármál Emil Viðar Eypórsson		
Umhverfismál Georg Haney		
Veiðarfæraefni Jónas Þór Friðriksson		
EIGNARHALDSFÉLÖG		
Fasteignafélagið Miðhús	Ísland	53%
Hampidjan USA	Seattle	100%
DÓTTURFÉLÖG		
Hampidjan Baltic	Litháen	100%
Hampidjan Ísland	Reykjavík	100%
Hampidjan Offshore	Reykjavík	100%
Hampidjan Australia	Yatala	80%
Hampidjan Canada	Nýfundnaland	100%
Hampidjan New Zealand	Nelson	100%
Jackson Trawl	Peterhead	80%
Jackson Offshore	Peterhead	80%
Swan Net USA	Seattle	75%
Cosmos Trawl	Hirtshals	100%
Nordsøtrawl	Thyborøn	100%
Strandby Net	Strandby	80%
Swan Net Gundry	Killybegs	64%
Costal Cages	Ireland	100%
SNG Aqua	Hjaltland	100%
Von	Fuglafjörður	99%
Vónin	Færeyjar	100%
Qalut Vónin	Grænland	75%
Vónin Canada	Kanada	100%
Vónin Refa	Noregur	100%
Herøy Terminal	Noregur	100%
Vónin Lithuania	Litháen	100%
Vónin Ísland	Ísland	100%
Volu Ventis	Danmörk	100%
Voot	Ísland	68%
Hampidjan TorNet	Las Palmas	100%
HLUTDEILDARFÉLÖG		
Sílnet	Klaksvík	45%
Bergið P/F	Hvalba	44.4%



SALA OG AFKOMA

Salan á síðastliðnu ári var afar góð og veltan jókst um 12,2% á milli ára. Hluti af þeirri söluaukningu er vegna verðlagshækkana en erfitt er að greina hversu mikill hluti af aukningunni skýrist af verðhækkunum einum og sér. Vegna mikils fjölbreytileika í vöruframboði félagsins og breytingum á sölusamsetningu milli ára þá er samanburður ekki auðveldur. Lítið er um staðlaðar vörur því veiðarfæri eru sniðin að þörfum hvers skips fyrir sig og svipað má segja um fiskeldiskvíar sem eru misjafnar eftir staðsetningum og vali hvers fiskeldisfyrirtækis fyrir sig. Það má þó fullyrða að meginhluti aukningarinnar er tilkominn vegna aukinnar sölu í magni.

Ef undan eru skilin framleiðslufyrirtækin tvö í Litháen og móðurfyrirtækið á Íslandi ásamt öðrum eignarhaldsfyrirtækjum þá eru það 19 fyrirtæki sem standa í framlínunni í sölu til útgerðar- og

fiskeldisfyrirtækja. Öll þessi fyrirtæki, að undanskildum tveim fyrirtækjum af þremur í Danmörku, juku mikið við sölu sína á árinu 2022. Aukningin nam allt frá 1% upp í 38% og þar af voru 6 fyrirtæki með aukningu á bilinu 20-38%.

Ástæðuna fyrir því að sala minnkaði í Danmörku má að mestu rekja til Brexit, enda hafa fiskiveiðikvótar færst frá Evrópusambandsríkjum til Bretlands, og að veiðikvótar voru lægri í Danmörku og þá sérstaklega í sandsíli. Á móti kemur að fyrirtækjunum tveimur, Jackson Trawl og Jackson Offshore, sem við eignuðumst í Skotlandi árið 2020, hefur gengið afar vel og vaxið mikið undanfarin 3 ár. Þannig varð salan hjá þeim 38% meiri en sölulækkunin í Danmörku og er það því jákvæða hliðin á Brexitáhrifunum fyrir samstæðu Hampidjunnar.

Það fyrirtæki í samstæðunni sem sýndi eina mestu söluaukningu er

STARFSEMIN

dótturfyrirtækið Hampidjan Ísland en það sér um veiðarfærasölu hér á Íslandi ásamt því að selja til Færeyja og S-Ameríku. Söluaukningin kom í kjölfar bestu loðnuvertíðar í mörg ár og greinilegt er að útgerðarfyrirtækin vilja vera vel útbúin fyrir komandi loðnuvertíðir. Fyrirtækin í Bandaríkjunum, Grænlandi, Færeyjum og Noregi skiluðu svo öll afar góðri söluaukningu.

Þrátt fyrir hagstæðar aðstæður í sölnunni þá voru rekstraraðstæður afar óvenjulegar hvað varðar bæði hráefni og orku. Almennt eru fyrirtækin í samstæðunni ekki orkufrek að undanskildu framleiðslufyrirtækinu Hampidjan Baltic í Litháen. Þar finnst einnig mest fyrir verðbreytingum á hráefnum því keypt er inn plastkorn sem notað er til framleiðslu á þráðum og svo einnig tilbúnir nylonþræðir og ofurefnisþræðir.

Hráefnisverðið sem hafði verið afar hátt frá ársbyrjun 2021



Flétting á möskvaleggjum í Glóriu flottroll í Hampidjan Baltic en þar er búið að auka afkastagetuna í 7.000 leggi á viku sem er sá fjöldi sem þarf í 2-3 flottroll, allt eftir stærð þeirra.



Stjórn og lykilstarfsmenn Hampiðjunnar í heimsókn hjá Jackson Trawls í Skotlandi ásamt Stepen og Mark Buckhan bræðrum.

hækkaði enn frekar í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og var um mitt árið orðið rúmlega 60% herra fyrir nylon og 70% herra fyrir polyethylen miðað við meðaltal árunna á undan Covid.

Ástæðan fyrir því að plast-hráefnaverð hækkaði svona mikið, til viðbótar við hátt verði 2021, má að mestu rekja til hækkandi orkuverðs enda er öll plastvinnsla mjög orkufrek. Í sumarlok byrjuðu hráefnisverð að lækka aftur og þau eru nú um 15-30% hærri en fyrir faraldurinn.

Orkan sem Hampidjan Baltic notar er að mestu rafmagn en einnig gas til gufuframleiðslu og húshitunar. Orkukostnaðurinn varð tæplega þrefaldur á árinu 2022 miðað við 2021 og fór úr því að vera 0,9 m€ í 2,6 m€ eða orkukostnaðarhækkun um 1,7 m€. Til að mæta þessum aukakostnaði í framleiðslunni þá var lagt á sérstakt hráefnis- og orkugjald sem mildaði töluvert áhrifin á rekstur fyrirtækisins en til kostnaðarauka kom einnig hækkun á vinnulaunum í Litháen

í kjölfar hárrar verðbólgu. Heildaráhrifin á rekstur samstæðunnar vegna orkukostnaðar og vinnulauna nema engu að síður um 1,1 m€ til lækkunar EBITDA. Orkuverð í byrjun þessa árs er miklu mun lægra en 2022 og er nú um 40% herra en meðaltal árunna 2020-2021.

Almennt má segja að það hafi tekist að koma meginhluta af kostnaðarhækkunum út í verðlagið hjá dótturfyrirtækjum Hampiðjunnar. Miðað við leiðrétt EBITDA, fyrir kostnaði við kaupin á Mørenot, þá væri hún 30,1 m€ miðað við 30,0 m € árið á undan.

Vegna söluaukningarinnar þá lækkar EBITDA hlutfallslega úr 17,4% í 15,5%, miðað við leiðrétt EBITDA. Erfitt reyndist að fylgja eftir kostnaðarverðshækkunum í rauntíma með verðhækkunum því tilboð og föst verð eru oft gefin marga mánuði fram í tímann.

Fylgífiskur ótryggs ástands, þegar hætta er á að vöntun verði á hráefnum eða framleiðsluvörum, er að fyrirtækin okkar verja sig með

því að hækka öryggismörk birgða og safna inn á lager svo hægt verði að sinna viðskiptavinum í sjávarútvegi og fiskeldi. Þar verður oft að bregðast skjótt við og alltaf verður að eiga til rétt efni á lager í veiðarfærin og fiskeldiskvíarnar. Á miðju síðasta ári var ljóst að birgðir höfðu aukist hjá netaverkstæðum í samstæðunni en þrátt fyrir góðan ásetning um að lækka birgðir þá vóg þyngra að hafa tryggja starfsemi og það varð til þess að birgðir hækkuðu enn frekar fram að áramótum eða um 24% milli ára. Það er þó ekki þannig að birgðaaukningin sé öll í magni heldur hafa verðhækkanir á vörum töluvert að segja og sérstaklega seinni hluta síðasta árs þegar verðhækkanir komu inn að fullum þunga. Það tókst þó fullkomlega á síðasta ári að koma í veg fyrir að framleiðslu seinkaði eða vinna stöðvaðist og það má þakka tímalegum innkaupum og hærri öryggisviðmiðum á lagerum. Birgðir eru of háar miðað við núverandi stöðu og er það verkefni þessa árs að greina birgðir og lagfæra þar sem aukning hefur orðið.



STARFSEMIN

Á árinu lauk nokkrum mikilvægum fjárfestingarverkefnum en fyrir utan fjárfestingu í aukinni afkastagetu í Hampidjan Baltic þá var unnið að því að auka og styrkja fiskeldisþjónustu bæði hér á Íslandi og í Noregi. Fiskeldisþjónustan á Ísafirði er komin í fullan rekstur en þar er hægt að veita fiskeldisfyrirtækjum á Vestfjörðum þjónustu með móttöku fiskeldiskvía, þvotti, viðgerðum, endurlitun ásamt vottun samkvæmt norskum stöðlum, en þeir eru þeir ströngustu sem unnið er eftir. Þá var netaverkstæðið á Ísafirði flutt frá Grænagarði í nýju aðstöðuna og eldra netaverkstæðishúsið selt. Í Finnsnesi í N-Noregi var lokið við að setja upp stærstu fiskeldiskvíaþvottavél sem smíðuð hefur verið og markaði það endapunktinn á umfangsmiklu uppbyggingarverkefni sem staðið hefur yfir undanfarin 3 ár.

Fyrir utan uppbyggingu fiskeldisþjónustunnar hér á landi þá hafa verið opnaðar verslanir með útgerðarvörur í Ólafsvík og í nýja



Hampiðjan gengdi lykklhlutverki þegar verðlaun Íslensku sjávarútvegssýningarinnar, IceFish 2022, voru veitt. Hér tekur Hjörtur Erlendsson við verðlaunum fyrir bestu nýnguna, DynIce Optical Data, úr hendi Quentin Bates.

netaverkstæðinu á Ísafirði og einnig var netaverkstæðið á Akureyri endurbætt og glæsileg verslun opnuð á jarðhæðinni. Fyrir eru verslanir í Reykjavík og Vestmannaeyjum svo samtals eru verslanirnar orðnar fimm. Í Tromsø flutti verslun Vónin Refa í nýuppgrert 300 m² verslunarhúsnæði og er það um það bil þreföldun á verslunarplássinu og samhlíða því var tekið í notkun nýtt skrifstofuhúsnæði í Tromsø.

Afkastaaukningunni í Hampidjan Baltic í Litháen er lokið í bili en

þar hefur verið fjárfest í kaðlafléttivélum til að auka framleiðslugetuna í möskvaleggjum fyrir flottroll um nær 60% og eru þær vélar komnar í fulla nýtingu og afkastagetan orðin um 7.000 möskvaleggir á viku, en það er sá fjöldi sem þarf í 2-3 flottroll, allt eftir stærð. Fjörföldun á framleiðslugetu af höfuðlínu-kaplinum DynIce Data, sem nýtur sífellt meiri vinsælda, er lokið og einnig er aukning um 17% á fléttingu á netagarni komin í gagnið. Í ársbyrjun var tekið í notkun afar fullkomið 36 metra



Bás Hampiðjunnar á IceFish sýningunni í Smáranum í júní 2022.

langt gufuþrýstitæki til að strekkja og hitameðhöndla nylon net sem mest eru notuð í flottroll og hefur það gefið mjög góða raun.

Vöruþróun er stöðugt sinnt og á síðasta ári byrjuðu tvö metnaðarfull vöruþróunarverkefni að skila tekjum en það eru einkaleyfisvörðu tógin DynIce Power Warp sem er ofurtóg með koparleiðurum og TechIce ofurtóg fyrir krana og spil. DynIce Power Warp er komið í notkun hjá fyrirtækinu AirSeas en það fyrirtæki hefur þróað flugdreka til að nota vindafli til að draga fragtflutningaskip áfram og minnka með því olíunotkun. Fyrstu sölu TechIce, sem er ofurtóg fyrir spil og sérstaklega hannað með miklu beygjuþoli undir álagi og til að þola háan hita í notkun, voru á síðasta ári og nam salan strax á fyrsta ári um 1,6 m€ sem var mjög ánægjulegt og framar væntingum.

Stærsta verkefni ársins var hins vegar kaupin á norska félaginu Mørenot en samningar við framtakssjóðinn FSN hófust síðastliðið vor og lauk með undirskrift um miðjan nóvember. Í kjölfarið þurfti að fá samþykki samkeppniseftirlita Íslands og

Færeyja. Bæði samkeppnis-yfirvöldin samþykktu samrunann án skilyrða undir lok janúar og var því hægt að ganga endanlega frá samningum í byrjun febrúar. Vinna við samþættingu og að koma rekstri Mørenot í betra horf hófst strax eftir það og er nú unnið ákaft að ýmsum breytingum og hagræðingaraðgerðum. Samþætting og að ná fram fullri samlegð tekur eflaust 2-3 ár en miklir möguleikar eru fyrir hendi og mikill vilji hjá starfsmönnum og stjórnendum Mørenot að takast á við þau verkefni með nýjum eignum.

Starfsmenn Hampiðjunnar voru að meðaltali 1.206 á árinu og fjölgaði því um 15 úr 1.191 starfsmanni árið á undan. Á síðasta ári störfuðu 100 starfsmenn á Íslandi sem er eilítil aukning frá fyrra ári. Af heildinni eru nú rúmlega 8% starfa hér á landi. Sem fyrr eru fjölmennustu starfsstöðvarnar í Litháen. Með Mørenot fer starfsmannafjöldinn í um 2.000 manns í ár og þar af verða um 750 starfsmenn í Litháen.


Hampiðjan er nú skráð á First North en ætlunin er að flytja viðskipti með hlutabréfin á aðallista Nasdaq í vor og bjóða út aukið hlutafé til að greiða niður skuldir. Mørenot er töluvert skuldsett og




Guðmundur Gunnarsson, fyrrið prounarstjóri veiðarfæra Hampiðjunnar, var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu af forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannesyni, við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á þjóðhátíðardeginum 17. júní 2022. Áður hafði Guðmundur fengið verðlaun á IceFish 2022 fyrir framúrskarandi ævistarf sitt í sjávarútvegi s.l. 50 ár.


fjármagna þarf frekari uppbyggingu afkastagetu Hampiðjan Baltic til að geta sinnt þörf

Rekstrartekjur samstæðu í m€.



Rekstrarhagnaður EBITDA í m€.





STARFSEMIN

Helstu tölur í íslenskum krónum:

Miðað við meðalgengi krónunnar gagnvart evru á árinu 2022 þá er velta samstæðunnar um 27,6 milljarðar, EBITDA 4,1 milljarðar og hagnaður 2 milljarðar. Miðað við gengi krónunnar gagnvart evru í lok árs 2022 þá eru heildareignir 44,7 milljarðar, skuldir 22,1 milljarðar og eigið fé 22,6 milljarðar.

REKSTUR FÉLAGA SAMSTÆÐUNNAR

Móðurfélagið, Hampiðjan hf.
Starfsemi móðurfélagsins skiptist á árinu 2022 í tvo meginþætti:

- Að hafa yfirumsjón með rekstri samstæðunnar en í samstæðunni voru í árslok 30 fyrirtæki að meðtöldu móðurfyrirtækinu. Auk móðurfélagsins voru nítján dótturfyrirtæki sem sinna veiðarfæragerð, eitt er framleiðir net, kaðla og ofurtóg í Litháen, fjögur

Mørenot fyrir net, kaðla og ofurtóg. Lóðrétt samþætting og virðisauka-keðja, sem nær frá innkaupum á plastkorni til þráðagerðar og til fullbúinna veiðarfæra af tæknilega bestu og vönduðustu gerð, er einn af hornsteinum viðskiptamóðels Hampiðjunnar og kaupin á Mørenot skapa ótal spennandi tækifæri til að styrkja virðis-keðjuna og ná fram meiri rekstrarhagnaði á komandi árum.


Árið 2022 reyndist gott ár fyrir samstæðu Hampiðjunnar og virtist heimsfaraldurinn hafa haft tiltölulega lítil áhrif á fyrirtæki samstæðunnar þrátt fyrir oft á tíðum erfiðar aðstæður.

Lykiltölur rekstrarreikningsins eru eftirfarandi:

- Rekstrartekjur samstæðunnar voru 193,8 m€ og jukust um 12,2% á milli ára úr 172,7 m€.
- EBITDA félagsins lækkaði um 4,2% á milli ára eða úr 30,0 m€ (17,4%) á árinu 2021 í 28,7 m€ (14,8%) á árinu 2022. Leiðrétt EBITDA ársins 2022 fyrir einskiptiskostnaði sem féll til á árinu vegna kaupa félagsins á Mørenot nemur 30,1 m€ (15,5%) en sá kostnaður nam um 1,4 m€.


- Hagnaður ársins var 14,3 m€ en var 16,9 m€ á árinu 2021 og nemur lækkun á hagnaði samstæðunnar því um 15,1% á milli ára. Sé leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði sem féll til á árinu vegna kaupa félagsins á Mørenot þá nam hagnaður ársins 15,4 m€ eða lækkun um 8,5% á milli ára.
- Heildareignir voru 295,5 m€ og hafa hækkað úr 273,0 m€ frá árslokum 2021.
- Eigið fé nam 149,5 m€, en af þeirri upphæð eru 14,2 m€ hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga.
- Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er meðtalin, var í lok ársins 50,6% af heildareignum samstæðunnar en var 52,8% í árslok 2021.
- Vaxtaberandi skuldir námu í árslok 110,8 m€ samanborið við 95,9 m€ í ársbyrjun. Vaxtaberandi skuldir að frá-dregnum leiguskuldbindingum skv. IFRS 16 nema 98,0 m€ samanborið við 86,1 m€ í ársbyrjun.

Fjárliðir og hlutdeildarafkoma samtals í m€.



Kostnaður vegna Mørenot
Hlut-, sölu- og arðstekjur
Reglulegur hagnaður

Hagnaður í m€.





Uppsýðarskip Samherja, Margrét EA sem áður var Cristina S., þjónustað við Skarfabakka.



Þegar mikið liggur við þá leggjast allir á eitt við að gera við nætumar þegar þær rifna. Hér má sjá Tómas Kárasón, skipstjóra á Beiti önnum kafinn við að gera við nótina á netaverkstæði Hampiðjunnar við Skarfabakka.

fyrirtæki sem sinna mest endursölu og smásölu, eitt sem sér um hönnun á toghlerum, eitt fyrirtæki í Noregi sem sinnir ferjuþjónustu og að auki þrjú eignarhaldsfélög.

- Að selja vörur Hampiðjan Baltic í Litháen til fyrirtækja innan samstæðunnar og utan. Stærsti markaðurinn fyrir vörur verksmiðjunnar er sjávarútvegur, bæði veiðar-færagerðir og útgerðir, en aðrir markaðir eru vaxandi. Vegur sala á ofurtógi fyrir olíuiðnað þar þýngst ásamt sérhönnuðu ofurtógi á djúpsjávarvindur.



og fjölgaði því um 15. Á Íslandi voru 100 starfsmenn. Starfsmannafjöldinn skiptist þannig á milli kynja að konur voru 518 (43%) og karlar 688 (57%).



Hampiðjan Baltic í Siauliai í Litháen

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og er að fullu í eigu hennar.

Meðalfjöldi starfsmanna Hampiðjunnar var 1.206 en árið áður 1.191



Það er að uppistöðu til kaðla- og netaverksmiðja sem frá stofnun Hampiðjunnar var til húsa að Stakkholti en var á tíunda áratug síðustu aldar flutt að Bíldshöfða og að hluta til Pombal í Portúgal. Framleiðslan var síðan sameinuð aftur í Siauliai í Litháen árin 2004 og 2005 og þá með danskri rötgróinni netahnýtingarverksmiðju sem sérhæfði sig í nylönnetum, Utzon, sem var þá nýflutt frá Fredericia á Jótlandi til Litháen.

Fyrirtækið framleiðir trollnet, hnútalaus net fyrir fiskeldi, flottrollskaðla, ýmsar gerðir annarra kaðla og ofurtóg fyrir dótturfyrirtæki Hampiðjunnar um allan heim en einnig fyrir olíuiðnað, þungalyftur og djúpsjávarverkefni.



Nýtt netaverkstæði Hampiðjunnar er sérstaklega hannað og útbúið til að þjónusta fiskeldisfyrirtækin.

Ársverkum fjölgaði um 12 á árinu og voru þau 389 en árið á undan voru ársverkin 377.




Swan Net Gundry í Killybegs á Írlandi

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar, sem á nú 64% af hlutafé félagsins. Daglega er félagið nefnt

SNG. Það starfar á veiðar-færamörkuðum á Írlandi, Skotlandi og á Hjaltlandseyjum. Framsal aflaheimilda er ekki leyft á Írlandi og botnfiskiskipaflotinn er of stór miðað við núverandi aflaheimildir. Aflaheimildir skoskra fiskiskipa er stunda uppsjávarveiðar eru rýmri og afkoma þeirra betri þó skipin séu bara í notkun fáa mánuði á ári. Félagið á tvö dótturfélög í rekstri, Costal Cages sem sinnir fiskeldi og sportnetum á Írlandi og félag á Hjaltlandseyjum sem ber nafnið SNG Aqua og sinnir þjónustu við fiskeldi.


Salan jókst um 4% frá fyrra ári og það virðist sem að samdrættinum sem fylgdi Brexit í kjölfar minni kvóta sé genginn

% Arður sem hlutfall af nafnvirði



m ISK

Arður



STARFSEMIN

yfir. Írskar útgerðir hafa vissulega misst spón úr aski sínum vegna tilflutnings á veiðiheimildum til Bretlands en á móti kemur að sala SNG er töluverð til Hjaltlandseyja en þær eyjar tilheyra Bretlandi. Þar er mikil og öflug útgerð og þar rekur SNG netaverkstæði sem byggt var fyrir um fjórum árum, sem þjónustar uppsjávarskipin. Starfsmannafjöldi SNG var óbreyttur á milli ára og eru starfsmenn 72 talsins.



Cosmos Trawl í Danmörku

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og alfarið í eigu hennar. Það sinnir jöfnum höndum flottrollum, nótum, rækju- og botntrollum ásamt fiskeldi, mest fyrir viðskiptamenn í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð.

Cosmos rekur nú þrjú eigin netaverkstæði í Danmörku. Þau eru í Hirtshals, Skagen og Hanstholm og tvö til viðbótar eru rekin af dótturfyrirtækjum félagsins. Það

eru Nordsøtrawl í Thyborøn og Strandby Net í bænum Strandby sem er á austurströnd Jótlands.

Sölusamdrátturinn sem kom í kjölfar Brexit hélt áfram á árinu og varð sölusamdrátturinn um 9%. Áhrif Brexit í Danmörku hefur haft mest áhrif á dótturfyrirtækið Nordsøtrawl í Thyborøn vegna tilfærslu veiðheimilda til Bretlands. Danskar stórutgerðir í Hirtshals og Skagen hafa brugðist við með því að kaupa kvóta þannig að staða sumra þeirra er nú orðin svipuð og jafnvel betri en hún var fyrir Brexit en sá viðbótarkvóti kom að mestu leyti frá Thyborøn.

Áhrifin í Thyborøn voru í raun tvöföld á árinu því lítill kvóti var gefinn út fyrir sandsíli sem ætíð hefur verið mikilvægur fyrir útgerðina þar. Undir lok ársins var tekin ákvörðun að kaupa 20% eignarhlut stofnanda Nordsøtrawl og sameina fyrirtækið við móðurfyrirtækið Cosmos og varð sú breyting virk frá janúarbyrjun 2023.

Unnin ársverk hjá Cosmos samstæðunni voru 79 talsins og fækkaði þeim um 5 frá árinu áður.



Hampiðjan og Hjörtur Erlendsson hlutu Viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins og Frjálsrar verslunar 2022.



Hampiðjan Ísland

Árið 2022 var fjórða starfsár Hampiðjunnar Íslandi en það var stofnað með sameiningu Fjarðaneta og veiðarfæra-deildar Hampiðjunnar í

ársbyrjun 2019. Starfsstöðvarnar eru í Neskaupstað, Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum og Reykjavík. Á þeim stöðum sinnir fyrirtækið uppsetningu og viðhaldi allra gerða veiðarfæra ásamt því að reka þjónustu fyrir björgunarbúnað skipa á Ísafirði og Neskaupstað.

Árið varð það besta í sögu Hampiðjan Ísland og þrátt fyrir að árið á undan hafi verið gott þá varð söluaukingin engu að síður 25%. Það má fyrst og fremst rekja til afar góðrar loðnuvertíðar veturinn 2021/2022 og góðum horfum fyrir vertíðina 2022/2023. Útgerðarfyrirtækin vildu vera vel útbúin fyrir vertíðina og hafa fjárfest mikið í nýjum loðnunótum ásamt flottrollum fyrir loðnu. Góð afkoma vegna stærstu loðnuvertíðar í fjölda mörg ár hafði einnig jákvæð áhrif á kaup þeirra á öðrum veiðarfærum.

Íslenski markaðurinn er án efa harðasti samkeppnismarkaður Hampiðjunnar og það verður að gæta þess að afkoman verði að jafnaði þannig að hægt verði að halda uppi góðri þjónustu og tryggja fagmönnum í veiðar-



Jón Oddur Davíðsson framkvæmdastjóri Hampiðjan Ísland ásamt sölustjórunum Einari Bjargmundssyni og Magnúsi Guðlaugssyni á Sjávarútvegsráðstefnunni í Hörpu í nóvember 2022.

færatækni góð kjör til þess að viðhalda fagþekkingunni á því háa stigi sem hún hefur náð á undanförunum áratugum.

Hjá félaginu voru unnin 75 ársverk sem er 13 fleiri en árið áður.



Swan Net USA í Seattle í Bandaríkjunum.

Félagið er dótturfélag eignarhaldsfélagsins Hampidjan USA, sem er í 100% eigu Hampiðjunnar. Það fer nú með 75% eignarhlut á móti framkvæmdastjóra og einum stofnanda fyrirtækisins eftir að Hampiðjan keypti meirihlutann í sumarbyrjun 2014.

Swan Net USA í Seattle hefur verið eitt stærsta netaverkstæði Bandaríkjanna og þjónar það aðallega uppsjávarflotanum sem gerður er út frá Seattle og Dutch Harbor í Alaska, sem veiðir m.a. alaskaufsa. Starfsstöðvar Swan Net USA eru tvær, höfuðstöðvar í Seattle og þjónustustöð í Dutch Harbor á Aleutian eyjunum nyrst við Kyrrahafið, en eyjaröðin skilur að Kyrrahaf og Beringshaf. Meginstarfsemi félagsins hefur verið sala og viðhald á veiðarfærum útgerða sem veiða alaskaufsa í Beringshafinu.

Eftir besta ár Swan Net USA til þessa, árið 2021, þá varð engu að síður eilítil söluaukning og því nýtt sölumet slegið á árinu.



Yfirflétting á Dynlce ofurtógi fyrir seismísk skip, en slík skip skanna jarðlög hafsbotnsins.

Vegna styrkingar dollars á árinu varð söluaukningin hins vegar um 14% í evrum talið.

Starfsmannafjöldi Swan Net USA var 30 og því óbreyttur frá árinu áður.




Hampidjan Australia í Ástralíu

Fyrirtækið var stofnað í byrjun árs 2015 og síðla það haust var fyrirtækið komið í fullan rekstur. Eignarhlutur Hampiðjunnar er 80%. Á árinu 2022 jókst salan um heil 16% og er sú aukning í kjölfar mikillar söluaukningar árána áður og skilaði fyrirtækið því góðum hagnaði á árinu.

Starfsmenn í árslok voru 11 og fjölgaði starfsmönnum um tvo á milli ára.


STARFSEMIN



Hampidjan New Zealand í Nelson á Nýja-Sjálandi

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og er alfarið í eigu þess. Það er söluaðili á vörum Hampiðjunnar á Nýja-Sjálandi og samhliða starfsstöð í Nelson rekur það netaverkstæði í Timaru sem sér um veiðarfærþjónustu, m.a. fyrir Sanford Seafood, eitt af þremur stóru sjávarútvegsfélögunum á Nýja-Sjálandi.





Velheppnuð ferð með viðskiptavini Hampiðjunnar í tilraunatankinn í Hirtshals nóv/des 2022

Árið var annað árið í röð sem sala dróst saman hjá Hampidjan New Zealand. Bæði hefur Covid haft meiri áhrif á Nýja-Sjálandi og sölustarfsemi og sölustörf hafa ekki verið eins virk og árin á undan.

Ráðist var í endurskipulagningu á fyrirtækinu ásamt ráðningu á nýjum framkvæmdastjóra og er nú lagður mikill metnaður í að byggja upp fyrirtækið og auka söluna. Sölusamdrátturinn varð 5% og dálítið tap var á rekstrinum. Velta Hampidjan New Zealand var einungis um rúmt 1% af veltu Hampiðjusamstæðunnar svo áhrifin eru í raun hverfandi á uppgjör samstæðunnar.

Unnin ársverk voru 13 talsins og fækkaði þeim um tvö á milli ára.




Hampiðjan Canada á austurströnd Kanada.

Félagið er 100% dótturfélag Hampiðjunnar. Það er staðsett rétt utan við St. Johns á Nýfundnalandi. Meginstarfsemi þess er uppsetning og þjónusta við veiðarfæri minni rækjubáta ásamt sölu á ofurtógi og öðrum vörum Hampiðjunnar.

Á árinu 2018 var ráðist í kaup á samkeppnisaðilanum North Atlantic Marine Service and Supplies (NAMSS) og við það bættust þrjár starfsstöðvar í Kanada. Ein við Halifax á Nova Scotia, önnur í St. Johns sem er höfuðborg Nýfundnaland og sú þriðja nyrst á Nýfundnalandi og

sem þjónar einnig Labrador. Um áramótin í ársbyrjun 2019 voru félögin síðan sameinuð undir merkjum Hampidjan Canada.

Sala Hampidjan Canada nær þrefaldaðist með kaupunum og hefur aukist ár frá ári síðan og er félagið nú komið í þá stöðu sem stefnt var að þegar ráðist var í að stækka félagið með kaupum á NAMSS. Örlítil söluaukning varð á síðasta ári en hagnaður dróst saman vegna aukins kostnaðar. Unnin ársverk voru 39 og fjölgaði þeim um sjö á árinu.




Von samstæðan í Færeyjum.

P/f Von er móðurfélag þriggja félaga, Vónin í Færeyjum, Vónin Refa í Noregi og Vónin Lithuania. Enginn rekstur er í móðurfélaginu og er það því eingöngu eignarhaldsfélag.


Vónin hefur um árabíl stundað framleiðslu og þróun á veiðarfærum og fiskeldisbúnaði fyrir færeyska markaðinn og starfrækir nú þrjár starfsstöðvar í Færeyjum; Þórshöfn, Norðskála og Fuglafirði.

Vónin á grænlenka fyrirtækið Qalut Vónin sem rekur síðan

Starfsmannafjöldi



Hlutfall rekstrartekna utan Íslands





Dynice Data kapallinn var sýndur í tilraunatanálinum í Hirtshals ásamt hefðbundnum höfuðlínukapli úr stálvír. Vegna léttleikans flýtur Dynice Data upp í togi meðan stálkapallinn sekkur niður.

fjögur netaverkstæði á Grænlandi; í Nuuk, Sisimiut, Aasiaat og Ilulissat.

Vónin á einnig kanadíska fyrirtækið, Vónin Canada, sem starfrækir netaverkstæði í Port-de-Grave á Nýfundnalandi. Stutt þar frá, í Spaniards Bay, er eitt netaverkstæði Hampidjan Canada.

Vónin Refa er norskt félag sem rekur fjórar starfsstöðvar; í Tromsø, Finnsnes, Svolvær og Alta. Meginframleiðsla Vónin Refa er tengd fiskeldi en veiðarfæraframleiðsla er einnig töluverður hluti af starfsemi.

Frá því að Hampidjan eignaðist Von árið 2016 hefur verið stutt ötullega við uppbyggingu fyrirtækisins og á þessum rúmu 7 árum síðan kaupin gengu í gegn þá hefur mikið breyst.

Vónin Lithuania er sameinað netaverkstæði Hampidjan Baltic og Vónarinnar í Siauliai í Litháen og þar fer fram framleiðsla á fiskeldiskvíum og trollhlutum fyrir fyrirtæki innan samstæðu Hampidjunnar. Við kaupin á Von var netaverkstæðið 4.000 m² en á árinu 2017 var það stækkað um 6.000 m² og er því nú 10.000 m² og afskaplega vel tækjum búíð. Þetta er væntanlega stærsta netaverkstæði Evrópu og þótt víðar væri leitað. Starfsmenn voru um 200 á árinu. Öll starfsmannaaðstaða er miðuð við 250 starfsmenn svo enn er hægt að auka afköstin frá því sem nú er með fjölgun starfsmanna.


Nýjar og myndarlegar höfuðstöðvar Vónin í Færeyjum ásamt stóru netaverkstæði og lager voru byggðar í Fuglafirði, nýlokið er tvöföldun fiskeldisþjónustunnar í Norðskála og endurbyggingu á netaverkstæði Qalut Vónin í Sisimiut í Grænlandi. Í N-Noregi hjá Vónin Refa er búíð að leggja lokahönd á nýja og fullkomna viðgerðaraðstöðu og litun á fiskeldiskvíum og var sú aðstaða tekin í notkun í sumarbyrjun. Nú er unnið að því að byggja upp litunaraðstöðu fyrir fiskeldiskvíar í Norðskála í Færeyjum og á sú viðbót að vera tilbúin síðsumars.

Rekstur Von gekk afar vel á síðasta ári og rekstrartekjur jukust um 14% milli ára og árið varð enn og aftur besta rekstrarár Vónarinnar frá stofnun. EBITDA hækkaði á milli ára úr 12,6 m€ í 13,5 m€

Ársverkin voru 433 talsins en 447 árið áður og fækkaði þeim því um 14 á árinu.



Unnið á dekki við Glóriu Helix flottroll.



Gulltoppur var meðal botntrolla sem skoðuð voru.

Voot á Íslandi

Fyrirtækið er eitt öflugasta íslenska fyrirtækið á sviði beitusölu ásamt línuveiðiútbúnaði og sjóvinnufötum. Einn helsti vaxtarbroddur Voot eru sjóvinnuföt sem seld eru undir vörumerkinu MarWear. Unnið er að því að nýta dreifileiðir og þekkingu fyrirtækja innan samstæðu Hampidjunnar og hefur töluvert áunnist. Lengst er markaðssetningin komin á Nýfundnalandi og Nova Scotia en þar eru alls komnir 32 útsölastaðir fyrir vörur MarWear.

Höfuðstöðvar Voot eru nú í byggingu Hampidjunnar við Skarfabakka og lager fyrirtækisins, að undanskildri beitunni sem er geymd í frystiklefum víða um land, er í lagerhúsnæði Hampidjunnar og vörur afgreiddar þaðan.

Sala Voot jókst um rúm 8% á árinu en hærri fastur kostnaður varð til þess að hagnaður lækkaði frá árinu áður.

Starfsmenn Voot eru nú 12 og fjölgaði um 2 á árinu.



Norska uppsjávarskipið Rav við bryggju netaverkstæðisins í Neskaupstað.

Hampidjan TorNet á Kanarí

Sumarið 2018 keypti Hampidjan spænska netaverkstæðið Tor-Net LP í Las Palmas á Gran Canaria. Meginmarkaður fyrirtækisins er á vesturströnd Afríku í Dahkla sem tilheyrir V-Sahara sem er undir stjórn Marokkó. Þar er umtalsverð útgerð flóttrollsskipa. Fyrir utan að þjónusta útgerðarfyrirtæki í Afríku þá selur fyrirtækið töluvert til útgerða í Las Palmas.

Nafni Tor-Net var breytt í Hampidjan TorNet eftir kaupin og hefur sú breyting mælst vel fyrir hjá viðskiptamönnum fyrirtækisins sem geta nú tengt fyrirtækið við Hampidjuna sem þeir þekkja af góðri afspurn.

Kaupin hafa haft í för með sér töluverða samlegð þar sem Hampidjan seldi mikið af vörum til veiðarfæragerðar á Kanaríeyjum og er sú sala nú á höndum Hampidjan TorNet. Með eigið netaverkstæði ásamt annarri vörusölu er hægt að veita útgerðarfélögunum á þessu svæði mun betri þjónustu en nú er.

Salan jókst um 10% á milli ára en hagnaður dróst hins vegar dálítið saman vegna aukins kostnaðar.

Starfsmenn voru 10 í lok ársins og fjölgaði um einn starfsmann á árinu.

Jackson Trawl og Jackson Offshore

Í byrjun 2020 var gengið frá samkomulagi um kaup á 80% hlut í skosku félögunum Jackson Trawl Limited og Jackson Offshore Supply Limited í Peterhead í Skotlandi og komu bæði félögin að fullu inn í samstæðuuppgjörið fyrir 2020.

Jackson Trawl er leiðandi í sölu veiðarfæra á Bretlandseyjum og Jackson Offshore selur einkum kaðla, lyftistöffur og járnávöru til olíuiðnaðarins í Skotlandi.

Töluverð samlegðaráhrif eru af kaupunum fyrir Hampidjuna, sem eru þegar komin fram að hluta og munu koma enn frekar fram á þessu ári og þeim næstu. Viðskiptavinir beggja félaganna í Skotlandi njóta góðs af kaupum Hampidjunnar því með þeim fá félögin aðgang að tækniþekkingu og vörum Hampidjunnar í veiðarfærum og sérútbúnum vörum fyrir olíuiðnaðinn.

Með þessum kaupum hefur Hampidjan styrkt stöðu sína enn frekar við N-Atlantshaf sem er mikilvægasti markaður samstæðunnar. Innan landhelgi Stóra-Bretlands eru auðug fiskimið þar sem verðmætustu tegundirnar eru makrill, kolmunnur og sandsíli en skip frá Evrópubandalaginu hafa veitt meirihluta aflans undanfarin ár.

Nýgerðir samningar um Brexit færa Bretlandi um 185 milljónir evra aflaverðmæti á árabílinu

2021 - 2027 samkvæmt úttekt Danmarks Fiskeriforening. Af því koma um 20 milljónir frá Danmörku og 38 milljónir frá Írlandi.

Á árinu 2021 var ákveðið að kaupa rekstur netaverkstæða og verslana Caley Fisheries í Peterhead og Fraserburgh og leggja þann rekstur inn í Jackson Trawl og hefur það komið vel út á undanfögnu ári.

Rekstur fyrirtækjanna tveggja gekk afar vel á árinu og söluaukning varð tæp 29% og hagnaður jókst einnig mikið af sama skapi.

Starfsmannafjöldinn var 30 á árinu og var sá sami og árið áður.

Hlutdeildarfélagið Sílnet

Hampidjan keypti haustið 2014 ásamt útgerðarfélaginu Varðin í Syðri Götum í Færeyjum 90% hlut í netaverkstæðinu Sílnet í Klaksvík á Borðey og skiptist hluturinn jafnt í tvo 45% hluti. Samhliða kaupunum þá var hlutafélagins aukið umtalsvert til að gera því kleift að kaupa hentuga byggingu og þann tækjabúnað sem þarf á netaverkstæðið til að sinna viðhaldi á flóttrollum og nótum.

Sílnet var stofnað fyrir rúmum 15 árum og var netaverkstæðið lengst af starfrækt í Götum. Það er nú í stórri og myndarlegri 1.900 m² og 85 metra langri byggingu við höfnina í Klaksvík þar sem er hægt að þjónusta og setja upp botntroll, flóttroll og nætur.

Hlutdeild í hagnaði fyrirtækisins var 88 þús. €.



Dynnice ofurstroffa í álagsprófun og DNV vottun hjá Mennens í Hollandi.

HLUTHAFAMÁL

Í lok árs 2021 var samið við Arion banka um að sinna viðskiptavakt fyrir Hampiðjuna frá ársbyrjun 2022 og hefur það fyrirkomulag gefið góða raun því viðskipti með hlutabréf Hampiðjunnar á First North hlutabréfamarkaðnum urðu 329 í stað 144 árið áður.

Námu viðskiptin um 11,1 milljónum króna að nafnvirði og veltan var um 1.281 milljónir. Vegið meðaltal viðskiptanna var 115,84 árinu. Gengi nafnverðs í viðskiptum á árinu var 116,0 í ársbyrjun en hækkaði eilítið á árinu í 118,0 eða um 1,7%.

Að teknu tilliti til útgreidds arðs og hárrar verðbólgu á sl. ári var raunávöxtun hlutabréfa Hampiðjunnar á árinu 0,4%.

Fjöldi hluthafa í lok ársins voru 373 og er það fjölgun um 74 hluthafa frá byrjun ársins en þá voru hluthafar alls 299.



Dynnice ofurstroffur í notkun.

ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2022

LAGÐUR FRAM Á AÐALFUNDI 24. MARS 2023
FYRIR STARFSÁRIÐ
1. JANÚAR TIL 31. DESEMBER 2022

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga. Dótturfélögin eru, Hampidjan New Zealand á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA í Bandaríkjunum, Swan Net Gundry á Írlandi, Cosmos Trawl í Danmörku, Von í Færeyjum, Hampidjan Canada í Kanada, Hampidjan Baltic í Litháen, Hampidjan Australia í Ástralíu, Hampiðjan TorNet á Spáni, Hampiðjan Russia í Rússlandi, Jackson Trawl og Jackson Offshore í Skotlandi, Hampiðjan Ísland á Íslandi, Hampiðjan Offshore á Íslandi, Voot á Íslandi og Fasteignafélagið Miðhús á Íslandi.

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. (félagið) og dótturfélaga þess (samstæðan).

Rekstur og fjárhagsleg staða 2022

Félagið vann áfram í því að sækja þá samlegð sem til staðar er í samstæðunni. Í Hampiðjunni Baltic var fjárfest var í kaðlafléttivélum og framleiðslugetan í möskvaleggjum fyrir flottroll aukin um nær 60%. Einnig var framleiðslugetan í höfuðlínukaplinum DynIce Data nær fjórfölduð á árinu. Framleiðslugeta á fléttingu á netagarni var aukin um nær 17% með fjárfestingum í nýjum fléttivélum.

Félagið lauk við uppbyggingu á nýju fullkomnu netaverkstæði ásamt aðstöðu til þjónustu við fiskeldi á Ísafirði. Aðstaða þar er með fullkomasta móti til að mæta þörfum og kröfum félaga í fiskeldi á Íslandi með stórra þvottavél fyrir fiskeldiskviar ásamt fullkomnum vatnshreinsibúnaði og aðstöðu fyrir litun og þurrkun á fiskeldiskvíum ásamt vottun samkvæmt norskum stöðlum, en þeir eru þeir ströngustu sem unnið er eftir. Einnig var netaverkstæðið á Akureyri endurbætt og glæsileg verslun opnuð á jarðhæðinni.

Í Finnsnesi í N-Noregi var lokið við að setja upp stærstu fiskeldiskviapvottavél sem smíðuð hefur verið og markaði það endapunkturinn á umfangsmiklu uppbyggingarverkefni á fiskeldisþjónustu sem staðið hefur yfir undanfarin 3 ár.

Í Tromsø flutti verslun Vónin Refa í nýuppgergt 300m² verslunarhúsnæði og er það um það bil þreföldun á verslunarplássinu. Einnig var tekið í notkun nýtt og sérhannað skrifstofuhúsnæði í Tromsø.

Á árinu hafa verið opnaðar nýjar verslanir á Ólafsvík, Akureyri og í nýja netaverkstæðinu á Ísafirði. Með opnun verslananna eykst þjónusta við viðskiptamenn á svæðunum ásamt því að vöruframboð Voot og Hampiðjunnar verður sýnilegra.

